

Svar bæjarstjórans á Akureyri við fyrirspurn Oktavíu Jóhannesdóttur og Valgerðar H. Bjarnadóttur um lífsskjararannsókn sem unnin var af IMG Gallup fyrir bæjarstjórn Akureyrar.

„Skýrsla með niðurstöðum könnunarinnar er dagsett í apríl 2005. Niðurstöðurnar eru ekki kynntar bæjarráði fyrr en í júlí og þá aðeins að litlum hluta. Hverju sætir þessi tímamismunur og því voru niðurstöður könnunarinnar ekki kynntar í heild sinni fyrir bæjarfulltrúum?“

Svar: Hinn 27. apríl var farið yfir helstu niðurstöður með fulltrúa frá IMG Gallup og rætt um fyrirkomulag kynningar. Miðvikudaginn 11. maí var lögð fram greinargerð um helstu niðurstöður og kynningartillaga. Fyrirhugað var að hafa fyrstu kynningu í bæjarráði fimmtudaginn 18. maí. Ákveðið var að fresta þeirri kynningu vegna fjarveru markaðs- og kynningarstjóra. Síðan urðu veikindi og fjarvera starfsmanna og bæjarfulltrúa þess valdandi að kynning í bæjarráði dróst til 7. júlí. Niðurstöður lífsskjararannsóknarinnar eru ekki tímabundnar en lagt er upp með að upplýsingarnar sem með þessum hætti fást nýtist sem best í markaðssetningu bæjarfélagsins með mati á styrk- og veikleikum svæðisins í samanburði við helstu keppinauta. Því er ekki sjálfgefið að þær séu kynntar í heild sinni. Áður hafa verið gerðar tvær sambærilegar rannsóknir sem sýna okkur hver þróunin hefur orðið í viðhorfum íbúanna. Niðurstöður rannsóknanna eiga að veita bæjarstjórn, nefndum, starfsmönnum og stýrihöpum upplýsingar sem snerta dagleg störf þeirra og geta nýst sem eins konar „vinnutæki“.

„Hver tók ákvörðun um að spyrja íbúa Akureyrar og stór-Reykjavíkursvæðisins um stjórnsmálaskoðanir þeirra og nota þær niðurstöður sem bakgrunnsbreytu í niðurstöðum lífsskjarakönnunarinnar?“

Svar: Akureyrarbær óskaði ekki sérstaklega eftir því að stjórnsmálaskoðanir yrðu notaðar sem bakgrunnsbreyta heldur var það hluti af þeim þætti sem IMG Gallup setti inn sem bakgrunnsbreytur.

Það mun ekki vera algengt en á sér þó allnokkur fordæmi að bakgrunnsbreytur séu keyrðar saman við aðrar bakgrunnsbreytur og settar fram með þeim greiningum í skýrslum. Það mun metið eftir aðstæðum hverju sinni og hvort það séu gagnlegar upplýsingar fyrir viðskiptavininn. Þessi framsetning var ekki þöntuð af Akureyrarbær heldur kom til að frumkvæði IMG Gallup.

Markaðs- og kynningarstjóri bæjarins, ásamt verkefnastjóra bæjarráðs, tóku um þetta ákvörðun að höfðu samráði við fulltrúa IMG Gallup.

„Af hverju var þagað um vissar upplýsingar sem fram koma á lífsskjarakönnuninni og bæjarfulltrúar beinlínis blektir til að sæta því að könnunin væri trúnaðarmál?“

Svar: Hér var enginn blekktur. Allir starfsmenn Akureyrarbæjar og bæjarfulltrúar þar með taldir, sæta þess í rauninni að fara með niðurstöður skýrslunnar sem trúnaðarmál. IMG Gallup krefst þess að farið sé með niðurstöður rannsókna sinna á þann veg. Það er meðal annars gert til þess að farið sé með gögn á réttan aðferðafræðilegan máta. Einnig má benda á texta á forsíðu allra skýrslna frá IMG Gallup þar sem segir: „Skýrsla þessi og innihald hennar er eingöngu til innanhússnota hjá því fyrirtæki,

stofnun eða einstaklingi sem hana keypti. Öll opinber birting eða dreifing er óheimil án skriflegs leyfis IMG Gallup.“

Akureyrarbær á skýrsluna og ákvarðar sjálfur hvort og hverjum skýrslan er sýnd/afhent. Skriflegt leyfi IMG Gallup er örugglega auðfengið og býðst Akureyrarbæ þá að fá skjalið í pdf formi án stimpilsins "trúnaðarmál".

Ekki var þagað um neinar upplýsingar sem fram komu í rannsókninni. Mikilvægast þótti að kynna helstu niðurstöður. Reiknað var með að það hefði orðið of tímafrekt að fara í gegnum svör við öllum 2 x 58 spurningunum, skoða um leið samanburð við höfuðborgarsvæðið og einnig þróunina eins og hún hefur orðið miðað við tvær fyrri rannsóknir.

„Hvaða upplýsingar eru það í lífskjararannsókninni sem taldar eru svo viðkvæmar og vandmeðfarnar að halda verður þeim leyndum fyrir bæjarfulltrúum?“

Svar: Engar (sbr. svarið við spurningunni á undan).

„Hvað kostaði lífskjarakönnunin?“

Svar: Gerð var símakönnun á tímabilinu 7. mars til 4. apríl 2005. Úrtakið var 750 manns á Akureyri og 800 manns á höfuðborgarsvæðinu. Unnið var úr 58 spurningum fyrir hvorn hóp. Kostnaður við þetta var um 43.793 kr. pr. spurningu eða 2.540 þús.kr. alls.

„Hvaða tilgangi þjónar nákvæm kortlagning af kosningahegðun fólks í lífskjarakönnun? Hvert er markmiðið með að taka þessa breytu inn í lífskjarakönnunina?“

Svar: Tilgangurinn með notkun bakgrunnsbreyta er að geta séð með gleggri hætti mun á viðhorfum ólíkra hópa fólks. Þannig má betur sjá hvaða þættir það eru sem ráða ólíkri upplifun bæjarbúa á hinum ýmsu þjónustubáttum. Í þessu tilviki var talið gagnlegt að vita hvort stjórnmalaskoðanir úrtaksins hefðu afgerandi áhrif á svör um gæði þjónustu eða aðra þætti sem um var spurt.

Að lokum:

Rétt er að undirstrika að allt frá því að Akureyrarbær lét framkvæma fyrstu lífskjarakönnunina hefur verið mikil samstaða um nauðsyn og gagnsemi þessa verkefnis meðal bæjarfulltrúa og þeirra starfsmanna sem um þessi mál fjalla. Niðurstöður þeirra lífskjarakannana sem Akureyrarbær gerði á árunum 2000 og 2002 hafa reynst afar mikilvægar sem upplýsingagjafar og stjórnþæki fyrir bæjarstjórn, nefndir, starfsmenn og stofnanir bæjarfélagsins. Þær hafa verið nýttar með jákvæðum hætti til að bæta þjónustu bæjarins og auka lífsgæði bæjarbúa.

Umræða undangenginna vikna hefur hins vegar að mínu mati skaðað þennan kjarna málsins og gefið afar villandi mynd af markmiðum bæjarfélagsins með gerð slíkrar rannsóknar á búsetuskilyrðum á Akureyri. Þetta verkefni hefur verið gert tortryggilegt á allra handa máta með makalausri umræðu um að fjármunir skattborgaranna væru nýttir í þröngum pólitískum tilgangi.

Ég tel þetta verkefni til muna mikilvægara fyrir bæjarfélagið en svo að það eigi að tynast í slíkri pólitískri sýndarmennsku. Í því ljósi og einnig þegar þess er gætt í hvaða farveg umræðan fór er eflaust farsælla að láta ógert að nota fylgi við stjórnmalaflokka sem bakgrunnsbreytu við úrvinnslu lífkjararrannsókna fyrir Akureyrarbæ.

Akureyri 4. ágúst 2005

Kristján Þór Júlíusson,
bæjarstjóri á Akureyri